

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 79/1971, um menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, með áorðnum breytingum, breytt á þann veg að á eftir Verk- og tæknimenntunardeild komi:

#### Íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

**Verkefni:** Íþróttamál, þ. á m. skólaíþróttir, Íþróttakennaraskóli Íslands, íþrótta- sjóður, Æskulýðsráð ríkisins, samskipti við Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, félagsstarfsemi á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, þ. á m. í skólum.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytist í samræmi við þetta.

Breyting þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

*Menntamálaráðuneytið, 30. apríl 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

26. apríl 1978.

Nr. 183.

## ERINDISBRÉF

### fyrir dýralækni án fastrar búsetu (sbr. lög um dýralækna nr. 31/1970).

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra ræður dýralækni án fastrar búsetu (faranddýralækni) til ákveðins tíma í senn, að fengnu álitu yfirdýralæknis. Faranddýralæknir skal undirrita eiðstaf um að hann vilji rækja dýralæknisstörf sín og skyldur með alúð og kostgæfni.

#### 2. gr.

Dýralæknir án fastrar búsetu (faranddýralæknir) hefur skyldur og nýtur réttinda sem opinberir starfsmenn. Um föst laun hans fer eftir ákvörðun kjarasamnings ríkisstarfsmanna (D. I.).

#### 3. gr.

Yfirdýralæknir segir fyrir um störf faranddýralæknis að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Að jafnaði skal beina störfum hans til þeirra héraða þar sem þörfin er talin brýnust hverju sinni. Starfstími hans skal markaður hverju sinni.

#### 4. gr.

Þegar faranddýralæknir gegnir dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða vegna orlofs hans, skal hann hafa skyldur og njóta réttinda sem héraðsdýralæknir, samanber lög um dýralækna 31/1970 og erindisbréf héraðsdýralækna 21. september 1971. Skal hann hafa afnot af talsíma héraðsdýralæknis og starfsaðstöðu sé hún fyrir hendi. Um dvalarkostnað og verkefnaval (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni. Sama gegnir þegar faranddýralæknir gegnir störfum skv. 5. gr.

**5. gr.**

Nú gegnir faranddýralæknir störfum í umdæmi ásamt héraðsdýralækni þeim er þar þjónar, skal þá héraðslæknirinn segja fyrir um verkaskiptingu og vinnutilhögun. Um þóknun faranddýralæknis fyrir dýralæknisstörf skal höfð hliðsjón af gjaldskrá fyrir dýralækna. Faranddýralæknir skal greina héraðsdýralækni frá störfum sínum jafnóðum og gefa skýrslu um þau sé þess óskað.

Um dvalarkostnað meðan á störfum í héraðinu stendur fer samkvæmt samkomulagi við héraðsdýralækni.

**6. gr.**

Nú er faranddýralæknir kvaddur af yfirdýralækni til sérstaks eftirlits eða dýralæknisstarfa sem hafa í för með sér veruleg ferðalög og á hann þá rétt á ferðakostnaði og dvalarkostnaði samkvæmt reglum sem um það gilda hverju sinni.

**7. gr.**

Faranddýralæknir skal í lok hvers árs gefa yfirdýralækni skriflega skýrslu um störf sín á árinu, einkum að því er tekur til sjúkdóma búfjár og eftirlitsstörf sem hann hefur haft á hendi.

**8. gr.**

Faranddýralæknir skal leita álits og úrskurðar yfirdýralæknis um atriði sem hann er í vafa um.

Faranddýralæknir verður að setta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

**9. gr.**

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 31 6. maí 1970, og tekur gildi þegar í stað.

*Reykjavík, 21. apríl 1978.*

**Páll A. Pálsson.**

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

**AUGLÝSING****um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.**

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs og heimild í 23. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur verið ákveðið að friðlýsa eftirtaldar plöntutegundir þar sem þær vaxa villtar hér á landi.

1. Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*).
2. Mosaburkni (*Hymenophyllum wilsonii*).
3. Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*).
4. Svartburkni (*Asplenium trichomanes*).
5. Klettburkni (*Asplenium viride*).
6. Tunguskollakambur (*Blechnum spicant* var. *fallax*).
7. Hlíðaburkni (*Cryptogramma crispa*).
8. Burstajafni (*Lycopodium clavatum*).